



Reykjavík, 15. apríl 2024

MSS24040106

Borgarráð

Tillögur vegna aðalfundar Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. 2024.

Boðað hefur verið til aðalfundar Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. í samræmi við 10. gr. samþykktu félagsins þann 24. apríl kl. 15.00 í Kaldalóni í Hörpu.

Í samræmi við lið 4.4 í Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar þarf samþykki borgarráðs til beiðingar réttinda eigandafyrirsvars vegna framlagðra tillagna. Eftirfarandi tillögur verða lagðar fram til afgreiðslu á Hörpu:

Dagskrárliður 6: Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.

Dagskrárliður 7: Kosning stjórnar.

Dagskrárliður 8: Tilnefning í endurskoðunarnefnd.

Dagskrárliður 9: Kosning endurskoðenda.

Dagskrárliður 10: Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.

Dagskrárliður 11: Starfskjarastefna Hörpu.

Lagt er til að allar tillögur 6, 8, 9, 10 og 11 verði samþykktar. Varðandi tillögu 7 þá leggur tilnefningarnefnd Reykjavíkurborgar fram tilnefningar Reykjavíkurborgar í kjör stjórnar og varamanns fyrir borgarráð.

Málið er trúnaðarmál fram yfir aðalfund Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. sem haldinn verður 24. apríl 2024

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Fundargögn aðalfundar Orkuveitu Reykjavíkur 2024.



Reykjavík

Aðalfundur Hörpu tónlistar – og ráðstefnuhúss ohf. 2024.

Stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. boðar hér með til aðalfundar sem haldinn verður í Kaldalóni, 1. hæð í Hörpu, hinn 24. apríl næstkomandi og hefst klukkan 15:00.

Eftirfarandi mál eru á dagskrá fundarins:

1. Fundur settur.
2. Afstaða tekin til lögmæti fundarins.
3. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
4. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu ári.
5. Endurskoðaður ársreikningur 2023 lagður fram til staðfestingar.
6. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
7. Kosning stjórnar.
8. Tilnefning í endurskoðunarnefnd.
9. Kosning endurskoðanda.
10. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
11. Starfskjarastefna félagsins.
12. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Reykjavík, 10. apríl 2024.

F.h. stjórnar Hörpu,



Svanhildur Konráðsdóttir

Aðalfundur Hörpu 2024.

Aðalfundur er haldinn í Kaldalóni í Hörpu, 24. apríl klukkan 15:00.

Tillögur bornar fram á fundinum

Dagskrárliður 6:

Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.

Stjórn leggur til að afkoma ársins yfirfærast til næsta árs og að ekki verði greiddur arður.

Dagskrárliður 8:

Tilnefning í endurskoðunarnefnd.

Stjórn leggur til að Hjörleifur Pálsson sitji áfram sem formaður endurskoðunarnefndar.

Dagskrárliður 9:

Kosning endurskoðenda.

Ríkisendurskoðun fer með endurskoðun reikninga félagsins í samræmi við c-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, sbr. og 21. gr. samþykktta fyrir félagið.

Dagskrárliður 10:

Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.

Lagt er til að þóknun fyrir setu í stjórn hækki um 5 %.

Dagskrárliður 11:

Starfskjarastefna Hörpu.

Starfskjarastefna Hörpu var undirrituð af stjórn 30. ágúst 2023.

Stjórn leggur til að hún verði samþykkt óbreytt.

[Starfskjarastefnu Hörpu](#) má finna á heimasíðu félagsins.